



Stekkjaskóla, 14. desember 2023

## Kæru forráðamenn

### Er barnið þitt vel upplýst? Er það ekki örugglega að nota endurskinsmerki eða sýnileikavesti?

Á þessum árstíma er mjög dimmt úti og því mikilvægt að öll börn séu vel upplýst með endurskinsmerkjum og/eða í sýnileikavestum.

### Endurskinsmerkjadagar í Stekkjaskóla

Þessa dagana er Stekkjaskóli með **endurskinsmerkjadaga** fram að jólum. Þetta er **sérstak áttak** um að vera vel sýnilegur í umferðinni. Við biðjum foreldra að taka þátt í þessu verkefni með okkur og sjá til þess að börnin noti endurskinsmerki og/eða sýnileikavesti til þess að þau sjáist vel í myrkrinu.

### Hugmynd nemenda

Það voru fulltrúar nemenda í skólaráði sem komu með þessa frábæru hugmynd um endurskinsmerkjadaga á fundi skólaráðs í vor. Frábær hugmynd sem nú varð að veruleika. Munið foreldrar að þið eruð fyrirmyndir barnanna ykkar og því hvetjum við ykkur einnig að nota endurskin.

### Foreldrafélagið gaf sýnileikavesti

Um daginn gaf foreldrafélagið nemendum 1. bekkjar sýnileikavesti og nýjum nemendum í 2.-3. bekk. Vestin voru merkt hverjum og einum. Það voru fulltrúar foreldrafélagsins sem komu með gjöfina ásamt tveimur lögreglumönnum. Lögreglan fór yfir mikilvægi þess að nota vestin og vera vel sýnileg í umferðinni. Virkilega gott framtak hjá foreldrafélaginu sem fær stórt hrós fyrir.

### Endurskinsmerki gefin

Slysavarnarfélagið Tryggvi gaf skólanum endurskinsmerki um daginn fyrir alla nemendur skólans. Það voru síðan skólastjórnendur ásamt fulltrúum nemenda í skólaráði sem færðu nemendum endurskinsmerkin í vikunni, á þriðjudag og miðvikudag.

Kærar kveðjur, skólastjórnendur Stekkjaskóla